



## Imbrudagar

Á þriðjudag og miðvikudag í næstu viku verður uppbrot á hinum hefðbundna skóladegi og Imbrudagar taka við. Diskóið verður miðpunkturinn. Á þriðjudag og miðvikudag fá nemendur tækifæri til að læra diskódans til að búa sig undir árshátíðina, tefla fjöltefli, læra Origami af henni Könu frá Japan og svo mætti lengi telja. Og ekki má heldur gleyma að kennt verður að sauma diskólegghlífar sem var algjör skylda að eiga á tímum diskósins.

## Kalli og súkkulaðiverksmiðjan

Klukkan 12:00 á miðvikudag verður frumsýndur söngleikur þessa skólaárs. Að þessu sinni er það Kalli og súkkulaðiverksmiðjan undir leikstjórn Andreu Aspar Karlsdóttur sem jafnframt er höfundur leikgerðar. Mikill metnaður er lagður í sýninguna og er höfundur tónlistar Baldur Ragnarsson og textahöfundur Sævar Sigurgeirsson.

Það er full ástæða til að hvetja foreldra og systkini til að fjölmenna á þessa sýningu og sérstaklega ánægjulegt að framhaldsskóli bjóði fram vandaðan söngleik sem höfðar til allra aldurs hópa.

Miðasala hefst á mánudag á [tix.is](http://tix.is)

## FRÆDSLUFUNDUR FYRIR FORRÁÐAMENN

Miðvikudaginn 1. mars kl. 8:10—9:00 verður fjallað um kvíða. Haukur Einarsson sálfræðingur flytur erindi, umræður og fyrirspurnir. Kaffi og kleinur. Foreldrar eru hvattir til að koma og skiptast á skoðunum um þetta mikilvæga mál.

## Gettu betur

Lið FG í Gettu betur er komið í sjónvarpskeppnina og mun keppa næst á móti liði Kvennaskólans í Reykjavík. Við hvetjum liðið okkar vissulega áfram en liðið skipa Starkaður Pétursson, Hafdís Hlynisdóttir og Jól Jólsson. Liðsstjóri er Gunnlaugur Hans Stephensen.

## Morfís

Lið FG fór norður í byrjun vikunnar og atti kappi við lið MA. Leikar fóru þannig að okkar lið beið lægri hlut en sem endranær voru liðsmenn okkar skólanum til sóma. Liðið skipa Sverrir Valgarður Þrastarson, Freydís Jara Þórsdóttir, Dagur Andri Einarsson, Sólrún Hulda Guðmundsdóttir og Alexandra Kristín Johnsdóttir.

## Árshátíð

Árshátíð nemendafélagsins, NFFG, verður haldin miðvikudaginn 22. febrúar með borðhaldi í Urðarbrunni. Skemmtiatriði verða, veislustjórar koma frá Mið-Íslandi og Frikki Dór mun skemmta.

Að loknu borðhaldi mun Frikki Dór flytja samkomuna upp á efstu hæð, nánar tiltekið á kennarastofuna. Skólinn býður þar upp á fyrirpartí og þangað eru allir velkomnir, Diskósporin verða æfð enn betur og menn hrista sig saman. Síðan býður skólinn upp á rútuferðir í Kaplakrika þar sem dansinn dunar til kl. 02:00.

Skólinn lítur á það sem sitt framlag til að vinna gegn unglingsdrykkju að halda fyrirpartí í skólanum.

## Rútuferðir eftir ballið:

Eftir ballið eru rútur fyrir nemendur. Leiðirnar eru sem hér segir:

**Álftanesrúta** : Frá Kaplakrika, Fjarðarhraun, Álftanesvegur að hringtorgi, Hraunholtsbraut, Ásabraut, Vífilstaðavegur, Hraunholtsbraut, Álftanesvegur.

**Hafnarfjarðarrúta ásamt miðbæ Garðabæjar**: Frá Kaplakrika, Reykjanesbraut (beygja til vinstri), Lækjargata, Fjarðargata, stoppa í miðbæ Hafnarfjarðar, Reykjavíkurvegur, Hafnarfjarðarvegur, stoppa í Hagkaup, Bæjarbraut, stoppa hjá FG., upp Karlabraut, niður Vífilstaðaveg, stopp hjá Garðatorgi.

**Garðabær/Kópavogur**: Frá Kaplakrika, Hafnarfjarðarvegur inn í Kópavog, Nýbýlavegur, Dalvegur, Fífuhvammvegur (aka í miðbæ Kópavogs).

Rútum verður lagt rétt hjá Kaplakrika, lagt verður af stað rétt eftir klukkan 02:00 aðfarðarnótt fimmtudagsins 23.febrúar

## VETRARFRÍ

Vetrarfrí verður fimmtudaginn 23. febrúar og föstudaginn 24. febrúar.

## Yfirlit fjarvista

Verður sent í gegnum INNU til nemenda og forráðamanna nemenda yngri en 18 ára eftir helgi.

## Foreldraráð FG

Stjórn foreldraráðs FG hvetur alla foreldra til að taka þátt í starfinu og fara inn á Facebook-síðuna: [Foreldraráð FG](#).

## Opið hús í FG

Opið hús verður fyrir nemendur í 10.bekk, forráðamenn þeirra og aðra áhugasama þriðjudaginn 21. febrúar kl. 16:00—18:00. Sjá nánar [hér](#).